

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Hugvísindasvið – Háskóli Íslands

Janúar 2011

Um vinnslu BA-ritgerða

Almennt um undirbúning, innritun og frágang.

Innritun:

Nemendum ber að innrita sig sérstaklega til samningar lokaritgerðar til BA-prófs og gilda sömu reglur um úrsögn og um önnur námskeið deildarinnar. Númer á BA-ritgerðum er að finna í kennsluskrá.

Markmið:

Nemendur skrifa lokaritgerð um rannsóknarefni að eigin vali í samráði við leiðbeinanda sinn. Lokaritgerð er ætlað að sýna hæfni nemenda til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar úrvinnslu efnis og heimilda, svo og til notkunar fræðilegra hjálpargagna. Þýðingar og textaútgáfur eru því aðeins gjaldgengar að ofangreindum kröfum sé fullnægt.

Um val á leiðbeinanda:

Nemendur velja sér einn leiðbeinanda úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein. Leiðbeinandi skal hafa sérþekkingu á efninu og geta sagt nemendum til um efnismeðferð og fræðileg vinnubrögð. Nemendum er heimilt með samþykki námsbrautar að velja sér leiðbeinanda úr hópi annarra fastra kennara Hugvísindasviðs, sérfræðinga við stofnanir á fræðasviði deildarinnar eða stundakennara. Í samráði við leiðbeinanda getur nemandi leitað til annars aðila um fræðilega ráðgjöf. Leiðbeinandi ber eftir sem áður ábyrgð á fræðilegum vinnubrögðum og frágangi ritgerðar.

Hlutverk leiðbeinanda:

Hlutverk leiðbeinanda er einkum að aðstoða nemanda við afmörkun efnis í upphafi og síðan að fylgjast með framvindu þess eftir því sem ástæða þykir til. Ekki síðar en mánuði fyrir skiladag á nemandi að hafa skilað leiðbeinanda heildaruppkasti að ritgerðinni, sem kennari fer vandlega yfir og gerir rækilegar athugasemdir við. Um frekari leiðbeiningar fer eftir samkomulagi kennara og nemanda. Ágreiningi um val á verkefni eða umsjón skal vísa til námsbrautar.

Vinnuferli og leiðbeining:

Nemandi hefur reglulega samband við leiðbeinanda samkvæmt samtali, að meðaltali 4-6 sinnum yfir misserið.

Umfang og efni ritgerðar er ákveðið. Nemandi útbýr leslista og heimildaskrá í samráði við leiðbeinanda sem hafa skal til hliðsjónar við gerð ritgerðarinnar. Nemandi finnur vinnutítl á ritgerðina og gerir grófa vinnu- og tímaáætlun (sjá töflu að neðan). Síðan gerir nemandi uppkast að efnisyfirliti. Þegar hann hefur kynnt sér efnið skal hann gera yfirlit og leggja fram rannsóknarspurningu. Yfirlitið er lagt fyrir leiðbeinanda og skal hafa eftirfarandi í huga: uppkast að kaflaskiptum, yfirlit yfir fræðibækur, tillaga að titli ritgerðar, spurningar og hugmyndir sem tengjast kenningum, aðferðafræði, innihaldi og formi ritgerðar.

		sumar	haust	vor
1	Efni ritgerðarinnar ákveðið	20. maí	20. sept.	20. jan
2	Útlínur ritgerðar 1-2 blaðsíður	30. maí	30. sept.	30. jan.
3	Fyrstu drög – a.m.k. 5 blaðsíður	20. júní	20. okt.	20. feb.
4	Önnur drög ritgerðar (hún þarf ekki að vera fullkláruð)	10. júlí	10. nóv.	10. mars
5	Fyrstu fullkláruðu drög til yfirlestrar	20. júlí	20. nóv.	20. mars
7	Lokaathugasemdir og leiðréttingar	15. ág.	15. des.	15 .apr.
8	Skiladagur ritgerðar á skrifstofu	10. sept	20. jan.	10. maí
9	Leiðbeinandi skilar einkunn föstudag þremur vikum fyrir brautskráningu.			

Athugið!

Frágangur og prófarkalestur er á ábyrgð nemanda. Ritgerðinni skal skila í 4 eintökum til skrifstofu Hugvísindasviðs, innbundin (ekki með gormum), heft og límd.

Eitt eintakið fær nemandi aftur með umsögn leiðbeinanda. Annað eintak fer til viðkomandi rannsóknarstofnunar Hugvísindasviðs, því þriðja heldur leiðbeinandi, fjórða eintakið er afhent Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni til varðveislu.

ATH: Einnig þarf að skila rafrænu eintaki af ritgerðinni til Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Sjá [leiðbeiningar](#) (pdf)

Vægi:

BA-ritgerðir eru metnar til 10 eða 20 eininga. BA-ritgerð til 20 eininga skal að jafnaði vera um helmingi lengri og viðameiri en 10 eininga ritgerð. Gert er ráð fyrir að hver eining svari til einnar viku vinnu.

Lengd og frágangur:

Lokaritgerð til 10 eininga skal vera um 8.000-10.000 orð (um 25-30 bls. miðað við að um 400 orð séu að jafnaði á síðu). Lokaritgerð til 20e skal vera 50-60 síður. Ritgerðin skal vera tölvuunnin og prentuð út með skýru og læsilegu letri. Henni skal skila á A4-síðum með 3 cm spássíu á hvorn veg og með 1 ½ línubili, heftri saman og í kápu. Ritgerðin skal bera sérstakt titilblað með nafni höfundar og kennitölu, heiti verkefnis, nafni leiðbeinanda, námsgreinar, sviðs og skóla, skilamánuði og ári. Framan á kápu nægir að nefna höfund, heiti verkefnis, svið og skóla. Einnig skal standa á kápu og titilblaði að um lokaritgerð til viðkomandi prófs sé að ræða. Á eftir titilblaði skal fara örstutt ágríp á íslensku (um 300 orð) þar sem efni ritgerðar er

lýst. Þar á eftir kemur sundurliðað efnisyfirlit. Í lok ritgerðar skal vera heimildaskrá. Ritgerðir í erlendum tungumálum fara þó eftir venjum viðkomandi málsamfélags.

- Form fyrir [forsíðu](#) (Word)
- Form fyrir [títulsíðu](#) (Word)

Málfar og stafsetning:

Ritgerðir skulu skipulagðar á röklegan hátt, með skýrri framsetningu, inngangi og niðurstöðu. Mikilvægt er að ritgerð sé skrifuð á góðu máli og valið sé málsnið sem hæfi efninu. Ritgerðir í erlendum málum skulu skrifaðar á viðkomandi tungumáli. Stafsetning skal vera viðurkennd (opinber) stafsetning þess máls sem skrifað er á.

Mat

Einkunnin er tvíþætt; annars vegar er farið eftir efnistökm ritgerðarinnar og hins vegar á máli og málnotkun.

Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar ef við á:

1. Efnistökm og meðferð rannsóknarspurningar
2. Aðferðir við greiningu
3. Meðferð á fræðihugtökum og kenningum
4. Sjálfstæð vinnubrögð
5. Uppbygging ritgerðar
6. Form og meðferð heimilda
7. Röksemdafærsla
8. Tungumál (allt að 50% af heildarmati)

Heimildaskrá og neðanmálgreinar:

Grundvallarkrafa í allri fræðimennsku er virðing fyrir heimildum og skulu höfundar lokaritgerða undantekningalaust geta þeirra heimilda sem þeir nota. Við gerð heimildaskrár skal farið eftir viðurkenndum reglum. Einnig er mikilvægt að samræmis sé gætt í neðanmálgreinum (APA/MLA o.s.frv.). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson er góð handbók sem hægt er að hafa til hliðsjónar. Sjá einnig upplýsingar um ritgerðaskrif og heimildaskráningu á heimasíðu deildar, undir „Fyrir nemendur“.

Matsmenn:

Tilkynnt skal um matsmann fyrir hverja BA-ritgerð á skrifstofu Hugvísindasviðs í síðasta lagi tveimur vikum fyrir einkunnarskil. Matsmaður metur ritgerð til einkunnar ásamt leiðbeinanda og skal gilda meðaltal af einkunnargjöf þeirra ef þeim ber ekki saman.

Reglur um höfundarrétt:

Háskóla Íslands skal heimilt að nota ritgerðir nemenda til kennslu og vísa öðrum nemendum á þær sem heimildir svo framarlega sem höfundur og leiðbeinandi taki ekki annað fram. Óheimilt er þó að vitna til ritgerðanna eða nýta sér efni úr þeim í ritum sem gefin eru út

fjölrituð eða prentuð nema fyrir liggi leyfi höfundar og leiðbeinanda. Samningur milli Hugvísindasviðs, höfundar og leiðbeinanda um hvort og hvernig megi nota ritgerðina skal liggja fyrir undirritaður fremst í ritgerðinni. Óheimilt er með öllu að nýta efni úr lokaritgerðum án þess að til þeirra sé vitnað með skýrum hætti.

Um ritstuld og misnotkun á heimildum:

Reglur Háskóla Íslands um viðurlög við misnotkun á heimildum:

Í 4. málsgrein 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 segir:

Stúdentum er algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Hugvísindasvið setur sér eftirfarandi reglur til að framfylgja þessu ákvæði.

1. Kennari sem hefur rökstuddan grun um brot á ofangreindri reglu skal við fyrsta tækifæri leggja greinargerð um málið fyrir námsbrautarformaður (eða greinarformaður) og deildarforseta.

2. Ef deildarforseti er sammála rökstuðningi kennara, skal deildarforseti boða nemandann í viðtal og tekur námsbrautarformaður (eða greinaformaður) þátt í viðtalinu. Viðtalið þjónar þeim tilgangi að ganga eftir afstöðu nemandans til meints brots og eftir atvikum að veita honum andmælarétt. Því skal nemandinn upplýstur fyrirfram um tilefni viðtalsins, gögn málsins og að hann kunnir að verða beittur viðurlögum vegna þess.

3. Telji deildarforseti og námsbrautarformaður (eða greinaformaður) að sannað sé með gögnum málsins og niðurstöðu viðtals að brot hafi verið framið skal tekin ákvörðun um viðurlög deildar, þannig að nemandinn fái 0.0 fyrir námskeiðið og teljist hafa nýtt próftökurétt í því. Jafnframt veitir deildarforseti nemandanum skriflega áminningu. Ef brot er minniháttar eða framið af gáleysi skal þó heimilt að beita vægari viðurlögum þannig að nemandinn fái 0.0 í einkunn fyrir umrætt verkefni jafnframt því að honum er gefinn kostur á að skila inn nýju verkefni. Við þær aðstæður skal deildarforseti veita nemandanum óformlega áminningu.

4. Afrit af áminningu deildarforseta skal geyma í skjalasafni Hugvísindasviðs og afrit sent Nemendaskrá. Áminningin gildir í þrjú ár. Einnig skal ganga úr skugga um hvaða önnur verkefni nemandinn hefur leyst á sama misseri og kanna hvort svipuð vinnubrögð hafi verið viðhöfð. Að öðru leyti er málið afgreitt. Ef slíkt athæfi endurtekur sig á gildistíma áminningarinnar skal hins vegar senda málið beint til forseta fræðasviðs.

5. Ef brot er alvarlegt, eða nemandi viðurkennir ekki sekt sína þrátt fyrir að deildarforseti, námsbrautarstjóri (eða greinaformaður) og kennari séu sammála um að grunur um misnotkun á heimildum sé ótvíræður og vel rökstuddur, skal senda málið til forseta fræðasviðs til meðferðar í samræmi við 19. gr. laga um opinbera háskóla, en þar segir:

19. gr. Réttindi og skyldur nemenda.

- *Háskólaráð setur, að fenginni umsögn heildarsamtaka nemenda innan háskólans, reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.*

- *Nemandi skal forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða í framkomu sinni innan og utan skólans sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám hans eða skóla.*
- *Gerist nemandi sekur um háttsemi skv. 2. mgr. eða sem er andstæð lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal forseti þess skóla þar sem hann er skráður til náms taka mál hans tilmeðferðar. Að teknu tilliti til alvarleika brots getur forseti veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemandi er heimilt að skjóta ákvörðun forseta til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta.*
- *Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemandi er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.*

Þetta ákvæði er einnig tekið upp í 51. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Sjá: http://www.hi.is/is/hugvisindasvid/um_svidid/misnotkun_heimilda